

Atvinnuveganefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn Dýralæknafélags Íslands um frumvarp til laga um velferð dýra (bann við blóðmerahaldi), 15. mál.

Dýralæknafélag Íslands (DÍ) fagnar þeirri umræðu sem hefur verið um velferð hryssa, sem tekið er blóð úr til framleiðslu lyfja sem innihalda hormónið PMSG/eCG. Umræðan er af hinu góða og í þágu dýranna en ýmsar rangfærslur hafa þó hlotið hljómgrunn og skekkt þá umræðu. DÍ bindur vonir við að sú vinna og greining sem fer fram á umgjörð búgreinarinnar skili niðurstöðum þannig að auðveldara verður að taka upplýsta ákvörðun, byggða á staðreyndum og vísindalegum rökum, um velferð hryssanna innan búgreinarinnar.

Umsögn félagsins byggir á þeim aðferðum sem notaðar eru til að meta velferð dýra, enda telur félagið að slíkt mat sé ekki lagt til grundvallar umrædds frumvarps. Í greinargerð er ýmsum fullyrðingum kastað fram sem byggðar eru á vanþekkingu og virðast flutningsmenn ekki hafa kynnt sér umgjörð og forsendur stóðmerahalds almennt.

Sú staðreynd að hryssum og folöldum sé slátrað er sett fram eins og þetta sé einsdæmi og mjög neikvætt. Hið rétta er að víða um land eru hryssur haldnar sem gefa af sér folöld til slátrunar. Það má nefna að folaldakjöt er mjög ákjósanlegt þeim sem huga að velferð dýra. Eins virðist þarna gleymast að á Íslandi eru hross búfé og mörgum hrossum slátrað til manneldis. Eigi þetta að vera rök til stuðnings frumvarpinu, eru þau mjög vanhugsuð.

Í greinargerðinni er vitnað til áróðursmyndar og hún kölluð heimildamynd. Einnig er því haldið fram að í myndinni séu færð rök fyrir því að hryssur séu almennt láttnar sæta harðræði og ofbeldi. Þessar aðdróttanir eru mjög djarfar. Þær aðfarir sem sjást í viðkomandi mynd hafa verið til rannsóknar hjá Matvælastofnun og hefur nú verið vísað til lögreglu til frekari rannsóknar. Staðreyndin er þó að ekkert bendir til annars en að langflestir þessara hryssueigenda umgangist þær á sómasamlegan hátt og sé umhugað um þeirra velferð.

Því er haldið fram að Ísland sé eina landið þar sem safnað er blóði úr fylfullum hryssum, en erfitt er að afla tæmandi upplýsinga um þetta. Þegar evrópsku dýralæknasamtökin FVE óskuðu eftir upplýsingum árið 2019 um framleiðslu og notkun lyfja sem innihalda PMSG/eCG bárust einungis svör frá tíu löndum, þar á meðal Íslandi. Eins og áður kom fram eru hross haldin hér á landi til kjötframleiðslu og þess vegna hefur þessi blóðsöfnun náð fótfestu hér. Hross eru einnig haldin til kjötframleiðslu í nokkrum öðrum Evrópulöndum, en ekki bárust svör um slíkt við umleitan FVE nema frá Íslandi.

Í greinargerðinni kemur fram að gildandi réttur verji ekki hryssurnar gegn ofbeldi og illri meðferð, en staðreyndin er sú að gildandi lög um velferð allra dýra banna hvers kyns ofbeldi og illa meðferð. Þeir aðilar sem ganga fram með hörku við sín hross eru brotlegir við lög um dýravelferð, hvort sem þeir stunda blóðtökur eða ekki. Hins vegar færi betur á því að slíkar blóðtökur væru leyfisskyldar, þannig að hver bóndi sæki um leyfi til Matvælastofnunar og starfsemin geti ekki hafist fyrr en úttekt á aðbúnaði og umgjörð hafi farið fram.

DÍ telur að tillagan að því að fella niður 6. mgr. 45. gr., feli í sér vantraust á Matvælastofnun, og slíkt vantraust þurfi að rökstyðja og ræða á breiðari grundvelli, en ekki byggja á hleypidómum.

Heildstætt mat á velferð hryssanna

Þegar leggja á mat á búgreinina blóðmerahald og þá spurningu hvort eigi að banna blóðtöku úr fylfullum hryssum á grundvelli dýravelferðar, þá telur DÍ mikilvægt að skoða alla þá fimm þætti sem mat á dýravelferð er byggt á.

Alþjóðlega viðurkennt mat á dýravelferð er byggt á fimm sviðum (e. *domains*) sem eru eftirtalin (Mellor o.fl. 2015),

Fjögur þeirra lúta að líkamlegum/starfrænum þörfum (e. *physica/functional*):

- Svið næringar (viðeigandi næring og vatnsframboð)
- Svið umhverfis (framboð og valfrelsi umhverfis)
- Svið líkamlegs heilbrigðis (heilsa og geta)
- Svið atferlis og samskipta (tjáning eðlislags atferlis)

Fimmta sviðið lýtur að andlegu ástandi (e. *mental*):

- Svið andlegs ástands (meðal annars samþætting hinna fjögurra líkamlegu sviða, sem segir til um hvernig líðan dýrsins er þegar allt er saman tekið)

Þegar meta á þessa fimm þætti dýravelferðar hjá hryssum í blóðmerahaldi þá er það ljóst að í nokkuð mörgum þáttum (sviðum) bendir margt til að velferð þeirra sé í flestum tilfellum góð, en þó vantar frekari gögn til að geta lagt mat á einstaka þætti.

- Svið næringar

Eftirlit er í höndum Matvælastofnunar, þar er lagt mat á stærð og ástand beitahólfa, fjölda dýra í hólfi, aðgang að hreinu drykkjarvatni og að hryssurnar hafi aðgang að salti eftir blóðtöku og úti í haga. Einnig er ísteka með innra eftirlit á beitþörf og beitilandi. Þá skulu dýralæknar, verktakar hjá ísteka, meta ástand dýranna (hryssur og folöld), holdafar og heilbrigði.

Þörf á viðbótargögnum: DÍ leggur til að gera greiningu á úrtaki hryssa hvað varðar blóðefnamælingu. Áður en blóðtökutímabilið hefst, meðan á blóðtöku stendur og í lok tímabilisins til að leggja mat á heilbrigði dýranna. Einnig leggur DÍ til að til dæmis verði safnað gögnum um fallþunga folalda sem koma til slátrunar frá blóðtökubæjum samanborið við fallþunga annarra folalda og að rannsaka þyngd og þroska folalda fyrstu 3 sólarhringa eftir köstun, og gæði broddmjólkur.

- Svið umhverfis

Almennt eru þessar hryssur og folöld þeirra haldin í hópum í stórum beitarhólfum, hámarksstærð blóðtökuhópa samkvæmt skilyrðum Mast eru 100 hryssur. Yfir vetrartímanna er mikilvægt að tryggja heygjöf og að útigangur sé hafður í góðu, skjólgóðu landi. Meta þarf aðbúnað og aðstæður út frá landfræðilegum þáttum. Tryggja þarf að aðstæður við blóðtökuna séu góðar þannig að blóðtökubásarnir sjálfir séu traustir og hannaðir þannig að þeir valdi ekki slyshættu á hrossum eða mönnum.

Þörf á viðbótargögnum: Það þarf að meta hvaða neikvæðu áhrif aðhaldið, ragið og blóðtakan hefur á dýrin og hversu djúpstæð og langvarandi þau eru. Streita er eðlilegt lífeðlisfræðilegt viðbragð, en hún

má ekki vera viðvarandi ástand. Gera mætti greiningu á kortisóli/-öðrum streitubáttum hjá hryssum í sýnatöku og blóðtöku og hafa til samanburðar hryssur sem ekki er tekið blóð en haldnar við sömu aðstæður.

- Svið líkamlegs heilbrigðis

Út frá þeim gögnum sem Mast hefur úr sínu eftirliti ná hryssurnar háum meðalaldri og fyljunarhlutfalli, lítið er um afföll eða slys. Eftirlit er haft með hófhirðu og hrossastóðin eru ormahreinsuð reglulega. Ljóst er að það magn blóðs (hámark 5 lítrar af blóði vikulega að hámarki í 8 vikur) sem verið er að taka úr hryssunum er umdeilt, en ekki er nóg vitað um áhrif þess á hryssurnar. Til þess að geta áætlað hlutfall þess blóðmagns sem tekið er, þarf að vera hægt að meta þyngd dýranna. Í rannsókn á litlum hópi hrossa var metin nákvæmni vigtarmálbands til að meta þyngd íslenskra hrossa og formúla til útreiknings aðlöguð, en í henni var meðalþyngd 379 kg (Hoffmann o.fl., 2013).

Þörf á viðbótargögnum: Hvað sjálfa blóðtökuna varðar, er nauðsynlegt að meta áhrif hennar á líkamlegt heilbrigði dýranna. Til eru niðurstöður blóðrauðamælinga sem Ísteka hefur gert á úrtaki hryssna árum saman. Hins vegar hafa niðurstöður ekki verið birtar í ritrýndu riti. DÍ telur mikilvægt að mælingar séu gerðar af óháðum aðila og að niðurstöðurnar séu ritrýndar og birtar. DÍ leggur auk þess til að blóðefnamælingar gætu komið að gagni. DÍ telur nauðsynlegt að afla gagna á vísindalega óyggjandi hátt (um blóðhag, blóðefnastöðu og aðra þætti) til að tryggja að blóðtakan gangi ekki of nærri hryssunum.

- Svið atferlis og samskipta

Meta þarf stærð hópa og samsetningu, hversu mikið er verið að bæta í og taka út og hvort ró er yfir hópnum. Almenn mætti ætla að þessar hryssur ættu að vera í talsvert stöðugri félagshópum heldur en mörg önnur hross. Hryssum er eðlislægt að halda sig í stóði með folöldum sínum, þar sem félagsatferli er lykillinn að því að koma á virðingarröð í hópnum. Stóðhesturinn hefur það hlutverk að verja hópinn, fylja hryssurnar og halda ró í hópnum. Samt er það svo að ef hryssa sækir um aðild að stóðinu eru það hryssurnar en ekki stóðhesturinn sem þurfa að gefa samþykki sitt. Það er því mjög í þágu velferðar folaldshryssu að lifa við þær aðstæður sem hryssunum sem hér er fjallað um, er búið. Ef rétt er staðið að aðbúnaði og umhirðu er ljóst að komið er til móts við eðlislægt atferli hryssanna á margan hátt. Þarna er einnig mikilvægt að nefna samskipti dýra og manna, frumtamningu og öryggi dýranna gagnvart mannum. Mikilvægi þekkingar eiganda á dýrahaldi, atferli hrossa og rétt umgengni við hross.

Þörf á endurmati: Hér er mikilvægt að skilyrði Mast byggi á því að velferð dýranna undir þessum lið sé tryggð þar má helst nefna að hóparnir séu ekki of stórir. Tryggja þarf að eðli hópsins og stærð sé þess eðlis að eigandi geti myndað tengsl við dýrin, umgengis hvert og eitt dýr og framtamið. Þetta er nauðsynlegt til að minnka viðbrigði og streitu í aðdraganda blóðtökunnar og við sjálfa blóðtökuna. Skýr krafa ætti að vera gerð til eiganda, starfsmanna og þeirra sem koma að blóðtökunni um þekkingu á dýrahaldi, velferð og heilbrigði dýra ásamt réttri umgengni við dýr.

- Svið andlegs ástands

Þetta svið samþættir öll hin fjögur sviðin og telur saman þau jákvæðu og neikvæðu áhrif sem dýrin verða fyrir. Hér þarf að meta hversu mikil neikvæð áhrif (og hversu varanleg) blóðtökunnar hafa á hryssurnar, þá bæði líkamleg áhrif vegna blóðtökunnar (blóðmissir og sársauki) og andleg (streita og þjáning vegna kringumstæðna). Hvort öll fimm sviðin spili þannig saman að hægt sé að tryggja velferð hryssa í blóðmerahaldi.

Þáttur dýralækna

Ábyrgð og þáttur dýralækna í blóðtökunni er skýr. Ábyrgðin snýr að mati á heilbrigði dýranna sem koma inn til blóðtöku ásamt mati á umgjörð og aðbúnaði á staðnum. Dýralæknirinn skal tryggja að nærgætni sé sýnd við umgengni við dýrin og gæta að velferð hryssanna við blóðtökuna. Mikilvægt er að dýralæknirinn geti framkvæmt það eftirlit sem honum ber. Ekki bara blóðtökuna sjálfa heldur eftirlit með allri umgjörðinni og ástand dýranna. Gera þarf raunhæft mat á hvernig blóðtakan fer fram þannig að dýralæknir geti gripið inn í ef frávik verða en fjöldinn og hraðinn sé ekki þannig að það sé ógerlegt.

Samantekt

Frumvarpið sem hér er til umsagnar leggur til að bætt verði svohljóðandi texta inn í lög um velferð dýra: „Bannað er að taka blóð úr fylfullum merum í þeim tilgangi að selja það eða vinna úr því hormónið PMSG (Pregnant Mare Serum Gonadotropin) eða nokkra aðra vöru til sölu“.

Í greinargerð flutningsmanna frumvarpsins eru ekki færð rök fyrir því að velferð stóðhryssa sem tekið er blóð til vinnslu hormóna, sé ógnað. Greinargerðin fjallar þó um þá ímynd sem íslensk markaðssetningaröfl hafa varið miklum fjármunum í að byggja upp og höfundum þykir nú liggja undir skemmdum. Þessi röksemdafærsla sýnir að flutningsmenn hafa ekki í raun lagt mat á velferð þessara hryssa, sem verja langmestum af sínum tíma við eins viðeigandi aðstæður og nokkru hrossi geta verið búnar.

Það er mat DÍ að ef horft er á hin fimm svið dýravelferðar og búgreinina blóðmerahald þá eru ýmsir þættir búgreinarinnar sem uppfylla kröfur um velferð dýra. Það sem út af stendur er hins vegar sú staðreynd að ekki er nóg vitað um áhrif blóðtökunnar á líkamlega þætti hjá hryssunum.

Það er mat DÍ að nauðsynlegt sé að byggja ákvarðanir í þessum efnunum á vísindalegri þekkingu svo tryggja megi að blóðtakan gangi ekki of nærri dýrunum. Það er hægt að gera eins og bent er á að ofan með því að afla gagna á vísindalega hátt um blóðhag, blóðefnastöðu og aðra þætti sem sýna fram á líkamlegt heilbrigði dýranna.

Einnig er það mat DÍ að búgreinin ætti að vera leyfis skyld og fara þarf mjög varlega í að veita heimildir til frekari útpenslu á greininni. Ákvörðun um mögulega umfangsmeiri búgrein þarf að byggja á gögnum sem sýna fram á að heilbrigði og velferð dýranna sé tryggð. DÍ vill einnig koma því á framfæri að rökin fyrir því að banna búgreinina þurfa að vera skýr, þau þurfa að vera byggð á staðreyndum. Rökin þurfa að vera að einn eða fleiri skilgreindir þættir dýravelferðar séu fyrir borð bornir. Og slíkar ákvarðanir þurfa þá að standast þá skoðun að geta verið fordæmisgefandi fyrir ótal þætti í öðru búfjárhaldi.

DÍ byggir umsögn sína á kröfu um gagnreynda dýralæknisfræði (e. *evidence based veterinary medicine*) og þeim þáttum dýravelferðar sem þurfa að vera hafðir að leiðarljósi í öllu búfjárhaldi.

Virðingarfyllst fyrir hönd Dýralæknafélags Íslands

Bára Eyfjörð Heimisdóttir, formaður



Hoffmann, G.; Bentke, A.; Rose-Meierhöfer, S.; Ammon, C.; Mazetti, P.; Hardarson, G.H. (2013). Estimation of the body weight of Icelandic horses. *J Eq. Vet. Sci.*, **33**, 893-895.

Mellor, D.J.; Beausoleil, N.J. (2015). Extending the 'Five Domains' model for animal welfare assessment to incorporate positive welfare states. *Anim. Welf.*, **24**, 241–253.

Mellor, D.J.; Beausoleil, N.J.; Littlewood, K.E.; McLean, A.N.; McGreevy, P.D.; Jones, B.; Wilkins, C. (2020). The 2020 Five Domains Model: Including Human–Animal Interactions in Assessments of Animal Welfare. *Animals*, **10**, 1870. <https://doi.org/10.3390/ani10101870>